

**Nd.**

**440. L Ö G**

um breytingu á 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

(Afgreidd frá Nd. 13. ágúst).

1. gr.

Í staðinn fyrir tölul. IX, 47 í 1. gr. laga nr. 45, 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, komi:

Staðarhraun: Staðarhrauns- og Akrasóknir.

2. gr.

Í staðinn fyrir tölulíð X, 48 og 49 í 1. gr. sömu laga komi þrjú liðir:

Miklaholt: Miklaholts-, Rauðamels- og Kolbeinsstaðasóknir.

Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og Hellnasóknir.

Nesþing: Ólafsvíkur-, Fróðár- og Ingjaldshólssóknir.